



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 22.4 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum o.fl.) 722 mál.**

Frumvarpinu er að meginstefnu ætlað að tryggja þjónustu dómstóla og sýslumanna meðan á í gildi eru fyrirmæli um samkomubann og fjarlægðartakmarkanir. ASÍ leggst ekki gegn þeim markmiðum en telur hins vegar að ákvæði 10 og 12.gr. frumvarpsins fari gegn þeim markmiðum. Þegar fullnustu er leitað með aðstoð ríkisvaldsins skal gilda sú grundvallarregla að aðilar máls séu jafn settir. Þessar tvær greinar gera ráð fyrir að gerðarbeiðandi geti tryggt hagsmuni sína á grundvelli sérstaks þjónustuhagræðis en sem gerðarþoli nýtur ekki. Þau rök að gerðarþoli mæti yfirleitt aldrei við fyrirtökur réttlæta ekki að þeir séu sviptir þeim rétti og reynt að bæta úr með leiðbeiningum. Þessi mismunun mun er fram í sækir geta skapað réttaróvissu og getur leitt til þess fjöldi fullnustugerða verði taldar ólögðætar.

ASÍ telur jafnframt, að þegar þúsundir launafólks hafa misst atvinnu, tugir þúsunda sætt verulegum tekjuskerðingum vegna skerts starfshlutfalls og hlutabóta, ótilgreindum hópi gert að sæta sóttkví án launa og að viðbættum þeim sem fara í sóttkví til þess að verja heilsu sína vegna undirliggjandi sjúkdóma, sé það sérstök forgangsröðun stjórnvalda að tryggja að halda megi áfram fullnustugerðum á hendur þeim með sérstökum afbrigðum í lögum sem að auki fela í sér mismunun. Eðlilegra og réttara er við þær kringumstæður sem nú ríkja að frysta einfaldlega þær fullnustugerðir sem til meðferðar eru.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.